

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Á fundi bæjarráðs Akraneskaupstaðar í umboði bæjarstjórnar sem haldinn var þann 2. júlí 2008 var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Skógahverfi, 2. áfanga.

Breytingin felst í að byggingarreit lóðarinnar við Blómalund 2-4 er breytt. Á gildandi deiliskipulagi var byggingarreiturinn 17,5 m x 34,0 m en eftir breytingu verður hann 14,0 m x 44,0 m.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 29. júlí 2008.

Guðný J. Ólafsdóttir,
fulltrúi sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs.